LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.

Stofnað 1949

10. fundur stjórnar L.H. haldinn fimmtudaginn 29. okt. 1992 á Flúðum.

**Mættir voru:** Kári Arnórsson, Sigbjörn Björnsson, Guðmundur Jónsson, Sigfús Guðmundsson, Jón Bergsson, Halldór Gunnarsson, Ingimar Ingimarsson, Kristmundur Halldórsson, Stefán Bjarnason, Marteinn Valdimarsson og Sigurður Þórhallsson.

1. **Tillaga að fjárhagsáætlun.**
Lagt er til að árgjöld fyrir 16 ára og yngri verði kr. 500.- og kr. 1.000.- fyrir 17-69 ára. Um töluverða hækkun er að ræða milli ára eða 180 kr. á fullorðna. Ekki er gert ráð fyrir neinu framlagi frá ríki og óljóst er með þátttöku HÍS í rekstri en gert er ráð fyrir að HÍS greiði kr. 600 þús.
Heildartekjur eru áætlaðar kr. 7.073.000. Samþykkt var að leggja fram þessa tillögu að fjárhagsáætlun eins og hún kemur fyrir á þingskjali nr. 2.

2. Kári las upp þær viðbótartillögur sem borist höfðu frá síðasta fundi.

3. Kári gat um skýrslu sem borist hefur frá Krafthestum, en þeir hafa flutt út hesta til Lapplands og aðstoðað þarlenda við smölun hreindýra.
Einnig hefur borist skýrsla um sjálfboðavinnu á Kjalvegi sem fól í sér að greiða götu hestamanna um hluta af gamla Kjalvegi, u.þ.b. 4 km. leið austan við Þjófadali.
Borist hefur bréf frá Stóðhestastöð ríkisins undirritað af Sveini Runólfssyni þar sem farið er fram á að L.H. beini tilmælum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um að veita fé til að ljúka framkvæmdum við Stóðhestastöð. Ákveðið var að láta bréf þetta ganga til Kynbótanefndar þingsins til frekari umfjöllunar.
Borist hefur bréf frá Búnaðarfélagi Íslands undirritað af Kristni Hugasyni og varðar alþjóðlega vísindaráðstefnu um hrossarækt 1993. Hér er um að ræða verkefni nýrrar stjórnar.

Fleira var ekki gert.

| | |
|---|---|
| Ingimar Ingimarsson | Kári Arnórsson |
| Jón Bergsson | Guðmundur Jónsson |
| Sigbjörn Björnsson | Sigfús Guðmundsson |
| Stefán Bjarnason | Halldór Gunnarsson |
| Kristmundur Halldórsson | Marteinn Valdimarsson |